

# MAGNÚS SKÚLASON HEIÐRAÐUR VIÐ FRUMSÝNINGU HEIMILDARMYNDARINNAR LJÓSMÁL

- Sigurbjörg Árnadóttir

Heimildamyndin Ljósmaal var frumsýnd laugardaginn 9. nóvember 2019 í Bíó Paradís. Myndin fjallar um vitasögu landsins og verður sýnd á RÚV þegar fram líða stundir, þannig að fleiri en borgarþáttar fái að njóta hennar og uppgötva hversu ung saga vitans er og hversu gríðarleg áhrif bygging þeirra hafði á þjóðarsögunu.

Höfundur handrits er einn stjórnarmanna Vitafélagsins, Kristján Sveinsson, sagnfræðingur en kvikmyndaleikstjórn var í höndum Einars Þórs Gunnlaugssonar.

Á þessum tímamótum var Magnús Skúlason, einn af framvörðum félagsins, gerður að heiðursfélaga Vitafélagsins – íslenskrar strandmenningar. Magnús er þekktur fyrir áræði, fyrir að fara stundum ótrúðnar slóðir, fyrir að hrinda hlutunum í framkvæmd og það hefur hann margsannað sem stjórnarmaður í Vitafélaginu um árabil. Magnús var forstöðumaður Húsafríðunarnefndar ríkisins þegar Vitafélagið var stofnað 2003, en Húsafríðunarnefnd var einn af stofnfélögum félagsins. Undir stjórn Magnúsar var gerð úttekt á vitum landsins og fyrstu sjö vitarnir friðlýstir 1. desember 2003. Magnús hefur tekið að sér leiðsögn í ferðum um landið til að fræða hópa erlendra ferðamanna sem sérstaklega hafa komið til að skoða vitasöguna. Hann hefur tekið þátt í nær öllum norrænu strandmenningarhátíðunum - sem nú eru orðnar sjö talsins - og staðið þar vaktina til að fræða erlenda gesti um sögu íslenskrar strandmenningar.

Magnús átti stærstan þátt í því að gamli vitinn í Garði fékk aftur ljóshúsið sitt. Vitinn er næst elsti viti landsins og næst elsta steinhús landsins. Eftir andlitsupplyftinguna er vitinn ein aðal ljósmyndafyrirsæta Suðurnesja.

## SÍÐASTA SÍLDARTUNNAN TIL HAFNAR?

Vegna Covid-19 hefur þessum viðburði verið frestað um ár

- Aníta Elefsen og Sigurbjörg Árnadóttir

Við Dalsfjörð á vesturströnd Noregs stendur bærin Rivedal, eða Hrífudalur, sem tilheyrir fylkinu Sogn og Fjordane. Þar voru heimaslóðir Ingólfs Arnarssonar og þaðan héldu þeir Hjörleifur Hróðmarsson til Íslands forðum daga. Í Hrífudal stendur nú afsteypa af styttni af Ingólfi – smíðuð eftir frumstyttni sem stendur á Arnarhóli. Hún stendur við þjóðveginn og blasir við öllum þeim sem leið eiga um og er það tilkomumikil sjón að sjá Ingólf standa tignarlega á sökklí sínum og horfa í átt til Íslands. Norðmaðurinn Petter Jonny Rivedal er einn umsjónarmanna styttnar af Ingólfi. Að sögn Hermanns Ingólfssonar, fyrrum sendiherra Íslands í Noregi er Petter Jonny hinn mesti ljúflingur sem vinnur ómetanlegt starf við að halda minningu Ingólfs á lofti og sér til þess að styttnan og umhverfi hennar sé ávallt vel snyrt, og þar sé flaggað íslenska og norska flagginu á tyllidögum.




Hermann Ingólfsson fyrrum sendiherra og Petter Jonny, bjargvættur tunnunnar – með dýrgripinn á milli sín.

En það er fleira en Ingólfur Arnarsson sem tengir Dalsfjörðinn við Ísland. Á árunum eftir síðari heimstyrjöld hófust miklir tunnuflutningar frá Dalsfirði til Íslands og stóðu áratugum saman. Íslendingar hættu að kaupa síldartunnur frá Dale undir lok níunda áratugarins – en þegar síðasta skipið með farm af tunnum sigldi til Íslands datt ein tunna í sjóinn á leið skipsins út fjörðinn. Tunnuna rak á land við Hrífudal þar sem Petter Jonny bjargaði henni og hefur geymt hana heima við húsið sitt alla tíð síðan. Draumur hans hefur verið að geta flutt tunnuna til Íslands og þannig loka þessum merka kafla í síldarsögu Íslands og Dale.

Fyrir frumkvæði Hermanns Ingólfssonar fyrrum sendiherra Íslands í Noregi, er tunnan nú á loks á leið heim til Siglufjarðar þar sem hún verður varðveitt á Síldarminjasafni Íslands. Þar hefur mikið lögð áhersla á að standa vörð um sögu Norðmanna í síldarævintýri Íslendinga með heimildaöflun, varðveislu gripa og ýmissa rannsókna. Petter Jonny, sem aldrei hefur komið til Íslands, mun sjálfur fylgja tunnunni og afhenda hana til varðveislu. Mikil dagskrá hefur verið skipulögð þann 2. ágúst nk. og í för með Petter Jonny, sem kalla má bjargvætt tunnunnar, verða Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra Íslands í Noregi og Aud Lise Norheim, sendiherra Noregs á Íslandi ásamt föruneysi.

Eftir að ákveðið var að tunnan skyldi halda til Íslands, var hún flutt í brunavarið herbergi í kjallaranum á heimili Petter Jonnys, enda að hans sögn „dýrgripur sem ber að varðveita vandlega þar til ferðalagið til Íslands hefst.“

Einn fylgdarsveina tunnunnar verður tónlistarmaðurinn Bernhard Hauge. Árið 2004 þegar Bátahúsið var formlega tekið í notkun, með mikilli viðhöfn, var hann ásamt fjölmörgum Norðmönnum viðstaddur athöfnina og spilaði þá með tríói sem bar nafnið Löfstakken. Löfstakken hélt tónleika víða um land og spilaði meðal annars við vitann á Dalatanga. Æ síðan hefur það verið draumur Benna að koma aftur til Íslands og spila og af því ætlar hann að láta verða ásamt félögum sínum í „Paul Sine Haner“. Norsk stemming verður því aftur við lýði á Siglufirði í ágústbyrjun.



Fréttabréf

# VITAFÉLAGIÐ

## Íslensk strandmenning

1. tbl 2020

Ágæti lesandi.

Vorið er tími frelsis, tími þegar vorsólin birtist með fögur fyrirheit, tími þegar farfuglarnir syngja inn komu sína, tími þegar bátur er dreginn á flot. Þeir sem eiga súðbyrtan bát geta fagnað því að hefðir við smíði hans eru nú tilnefndar á heimsminjaskrá UNESCO, á lista yfir huglægar menningararferðir mannkyns – listann yfir þýðingamikla starfshætti sem borist hafa frá kynslóð til kynslóðar- hefðir sem munu glatast verði þeim ekki viðhaldið. Þessi hefð á sér að minnsta kost tvö þúsund ára gamla sögu, er samnorræn og gerði íbúum norðursins kleift að stunda sjósókn, veiðar, landbúnað, flutninga og landnám. Því hvernig hefði Ísland byggst ef bátsins hefði ekki notið við? Þekking manna á smíði súðbyrðingsins varð grundvöllur menningar strandbygðanna og arfleiddar hennar. Þetta er fysta tilnefningin af Íslands hálfu og fyrsta samnorræna tilnefningin.

Við getum einnig stolt hampað því að það voru aðildarfélögin í Norrænu strandmenningarsamtökunum (Nordisk kulturlag) sem unnu alla þá miklu vinnu sem að baki tilnefningunni býr, undir stjórn Tore Friis-Olsen. Yfir tvö hundruð samstarfs- og stuðningsaðilar á Norðurlöndum stóðu að baki tilnefningunni; bátasmiðir, söfn, félög, einstaklingar, áhugahópar og samfélög. Öll norrænu menningarmálaráðuneytin stóðu síðan að sjálfri tilnefningunni sem afhent var UNESCO í París 25. mars sl. En nú tekur við bið þar til í desember 2021 þegar endanlega ákvörðun verður tekin um það hvort þessar erfðir verði samþykktar á heimsminjaskrána hjá UNESCO. Við erum sannfærð um að svo verði.

Þessi tilnefning sýnir okkur að í nýtingu og vendun menningararfsins við sjávarsíðuna liggja mýmörg tækifæri. Tækifæri til að hlúa að þessum þætti menningararfsins, tækifæri til að nýta hann, skapa atvinnu, miðla þekkingu og tækifæri til tólmstunda og samfélagsábyrgðar. Þessi tilnefning sýnir okkur einnig að í samstarfi er galdurinn fólgin. Hversu gífulega mikil auðæfi eru fólgin í samstarfi og hverju það getur skilar. Hún sýnir okkur að við þurfum ekki alltaf að reyna að finna upp hjólið, hversu margt það er sem við eigum sameiginlegt með grönnum okkar í norðri og hversu mikið við getum lært af þeim og gefið af okkur.

Íslendingar eru þekktir fyrir að vera fljóttir að tileinka sér nýjungar. En það fylgir því ekki alltaf eintóm hamingja að vera fljóttir til, að minnsta kosti ekki þegar maður er jafn fljóttur að afneita því sem eldra er. Sjálfsmýnd þjóðar byggist m.a. á því að þekkja eigin sögu og hafa spegla fortíðar og samtíðar til að spegla sig í og þreifa á. Fortíðarspejill Íslendinga er að mestu byggður á bókmenntum og aftur bókmenntum, Íslendingasögunum, álfsögum, draugasögum og Laxness. Þegar tekið er á móti gestum er vitnað í sögur og síðan er haldið til fjalla - út í hreina og lítt spillta náttúru.

Ég er þess fullviss að Íslensk strandmenning á framtíðina fyrir sér og að í henni er að finna mýmörg tækifæri til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar – rétt eins og hjá grannríkjum okkar. Í sameiningu þurfum við að finna svörin, breyta viðhorfum og gefa sem flestum kost á því að eiga stefnumót við hafið og upplifa auð þess. Það er trú mín að ef við leggjumst á eitt geti spejillinn við sjávarsíðuna fært okkur gleymd, geymd og falin auðæfi. Auðæfi sem þjóðinni ber skylda til að varðveita og nýta til gagns fyrir komandi kynslóðir. Ég vona að sumarið verði ykkur öllum gott og að tilnefning súðbyrðingsins á lista heimsminjaskrár UNESCO verði til þess að ekki líði á löngu þar til litið verður á strandmenninguna sem mikilvægan hornstein í íslensku menningarlífi og sögu.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður

VINSAMLEGAST MUNIÐ AD GREIÐA FÉLAGSGJÖLDIN

## SAMBAND ÍSLENSKRA SJÓMINJASAFNA GEFUR ÚT FORNBÁTASKRÁ OG VARÐVEISLUMAT

- Anita Elefsen

Undanfarin misseri hefur stjórn Sambands íslenskra sjóminjasafna unnið að tveimur viðamiklum verkefnum, annars vegar svokölluðu varðveislumati fyrir skip og báta, og hins vegar heildstæðri bátaskráningu. Innan Sambands íslenskra sjóminjasafna starfa um 20 söfn, setur og sýningar víða um land og var vinna við verkefni tvö í höndum stjórnar félagsins; Helga Mána Sigurðssonar, Ágúst Ó. Georgssonar og Anitu Elefsen.



Hákarlaskipið Ófeigur

Varðveislumatið er í senn bæði leiðarvísir og verkfæri fyrir alla þá sem koma að varðveislu eldri báta, t.d. SÍS, sjóminjasöfnin í landinu og aðrar stofnanir sem vinna að minjavernd. Minjastofnun Íslands og Safnasjóður styrktu verkefnið. Tilgangur varðveislumatsins er fyrst og fremst að stuðla að bættri bátavernd og gera alla vinnu markvissari við ákvarðatökur um hvað æskilegt sé að varðveita til framtíðar og að tryggja að ákvarðanir um varðveislu séu byggðar á faglegum grunni og þekkingu á menningarsögulegu gildi viðkomandi báts eða skips, bæði staðbundið og á landsvísu. Leiðarvísinum er jafnframt ætlað að vera hjálpartæki við að finna og benda á hvaða skip og báta úti í þjóðfélaginu sé rétt að varðveita og koma þannig í veg fyrir að þeim verði hugsanlega fargað og jafnframt að vera hjálpartæki við endurmat á varðveislugildi báta í eigu safna, setra og sýninga með hugsanlega grisjun eða aðra ráðstöfun í huga. Varðveislumatið á að vera

þeim aðilum til stuðnings sem hafa áhuga á varðveislu eldri báta og sjá sér hag í því að bátar í þeirra eigu undirgangist mat, og vekja athygli á bátum sem hafa varðveislugildi samkvæmt undangengnu mati. Þá er jafnframt bent á að undirbúningsvinna við varðveislumat komið að miklu gagni þegar taka á ákvörðun um hvornig standa skuli að viðgerðum eða endursmíði báta og að niðurstöður matsins skapi mikilvæga undirstöðu fyrir ákvarðatökur um úthlutun styrkja til skipa og báta. Að lokum ætti góð útkoma úr varðveislumati að geta stutt við umsóknir bátaeigenda um styrki í opinbera sjóði.

Enn viðameira verkefni var svokölluð Fornbátaskrá. Tilgangurinn með henni var að safna upplýsingum um fornþáta landsins og gefa yfirlit yfir stöðu bátaverndar í landinu, hvaða bátar hafa verið teknir til varðveislu, lýsa þeim, segja sögu þeirra o.fl. Bátaskráin var styrkt á myndarlegan hátt af Safnasjóði og Fornminjasjóði og er þeim þakkað fyrir ómetanlegan stuðning. Einnig ber að þakka Borgarsögusafni, Þjóðminjasafni og Sildarminjasafni Íslands fyrir þeirra framlag, þ.e. vinnu starfsmanna þeirra sem stjórnarmanna SÍS en hún fór að hluta fram í vinnutíma þeirra.

Skránni er ætlað að stuðla að bættri bátavernd og auðvelda alla vinnu við ákvarðatökur um hvað æskilegt sé að varðveita til framtíðar og hvað ekki. Það getur bæði átt við um ný aðföng á söfnum, báta sem ekki hafa hlotið formlega viðurkenningu sem safngripir og grisjun, en þá er yfirsýn grundvallaratriði. Þá mun skráin væntanlega einnig koma að gagni við styrkveitingar. Ennfremur er skránni ætlað er að gera bátaarfinn sýnilegan umfram það sem nú er í þeirri von að auka skilning stjórnvalda og almennings á gildi hans. Skráin mun jafnframt stórbæta aðgengi almennings að þessum hluta menningararfsins og auðvelda frekari rannsóknarvinnu.

Skrá þessi nær ekki yfir alla fornþáta á Íslandi enn sem komið er. Hún tekur til báta í vörslu safna, sýninga og setra ásamt bátum sem eru á skipaskrá Samgöngustofu, þ.e. eru sjófærir, og eru eldri en 1950. Heildarfjöldinn er um 190, þar af eru á skipaskrá Samgöngustofu um 10%.

Bátar eldri en 1950 eru friðaðir skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Í þeim lögum voru bátar einnig skilgreindir sem menningarminjar í fyrsta skipti.

Með því að sníða skránni þennan stakk er hún skýrt afmörkuð. Fyrirhugað er að halda skráningunni áfram sem fyrst með því að láta hana ná einnig til báta eldri en 1950 sem hvorki eru á skipaskrá Samgöngustofu né í umsjón safna og báta sem smíðaðir voru á árunum 1950-1970. Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um töluverðan fjölda báta í eigu einstaklinga, félagasamtaka og hópa sem ekki eru gerð skil í skránni. Má t.d. nefna elsta bát landsins, áttæringinn Breið frá Vigur á Ísafjarðardjúpi, venjulega kallaður Vigur-Breiður, og teinæringinn Egil frá Hvallátrum á Breiðafirði. Báðir eru þeir varðveittir á þurru landi en að auki fyrirfinnast allmargir arabátar og opnir vélbátar sem enn eru í notkun. Skráning þessara báta og fleiri er sérstakt verkefni sem stefnt er að því að vinna í náinni framtíð.

Þá skal þess getið að gert er ráð fyrir að fornþátaskráin verði lifandi, þ.e. að hún verði uppfærð reglulega. Nýjar upplýsingar munu koma fram í dagsljósið þegar frá líður, t.d. þegar skráin kemur fyrir augu almennings og þegar gerðar verða sérstakar rannsóknir á einstökum bátum. Einnig þarf að hafa í huga að líftími báta er mun minni en t.d. húsa, sérstaklega ef ekki er sinnt um viðhald þeirra sem skyldi af einhverjum ástæðum. Fyrir áhugasama má nálgast fornþátaskrána og leiðarvísinn á vefslóðinni: [www.batasmidi.is/files](http://www.batasmidi.is/files)

## Súðbyrðingur KK sjóm. súðbyrtur bátur

- Örlygur Kristfinnsson

(Íslensk orðabók – þriðja útgáfa, Edda 2002)

Áfram flett í sömu bók:

Súð -ar, -ir KVK samfella af sköruðum borðum, þar sem eitt borð liggur með röndina ofan á öðru, skarsúð. Byrðingur -s, -ar KK 1 stór bátur til flutninga 2 báðar síður báts (skips)

Þar sem ég sit og ræ í gráðið við tölvu mína og hugsa um að þessi orð fleyti mér hvorki lönd né strönd – í mesta lagi að á þeim megi stjaka frá landi og renna fyrir þyrsklingskóði á grunnri fjöru – þá flýgur til mín lítill vísa:

Sigllir dýra súðin mín,  
sveipuð himinbjarma,  
yfir heimsins höf til þín,  
hrundin bjartra arma.

Birtan í orðunum og laginu ber hugann hálf leið inn í þessa litlu ritsmíð sem Sigurbjörg Árnadóttir ritstjóri bað mig um.



Það var skáldið og landkrabbinn Einar Benediktsson sem skildi töfra og fegurð súðbyrðingsins. Kominn af sæfarendum og landnámsmönnum. Þannig var það með ótal aðra hagyrðinga og skáld sem ortu dýrðaróða til þess sem dýrmætast var á Íslandi: sólarinnar, sumarsins, ástarinnar, blómsins, hestsins, bátsins. Hvað var fegurra og hvað annað en það gaf okkur helst vonina og treysti lífi sjálft – að þreyja þorrann, færa björg í bú og leita fundar við ástvin?

Í upphafi vega var það skipið, sjálfur súðbyrðingurinn, sem gerði okkur kleift að nema hér land. Við sjáum fyrir okkur að hrund hinna björtu arma gat verið landið í fjarska sem breiddi faðminn móti langferðafólkinu. Gjöful móðir Jörð sem rís úr hafinu. Á þeirri leið unnu saman vindar himins, björt sýn og súðbyrðingurinn trausti sem klauf sléttan sjóinn jafnt sem brimskaflinn.

Á dimmum tíðum þegar harðnaði í ári var það ekki síst báturinn sem færði okkur fæðuna og hélt lífinu í fólkinu okkar. Ekki var það þrautalaust og fórnir voru færðar. Um leið og súðbyrðingurinn gat verið þarfasti þjónninn og lífgjafinn sjálfur varð hann sem líkkista þúsunda og þúsunda manna í votri gröf.

Á sögum sínum og ljóðum lifði fólkið ekki síður en á skreið og sauðaketi. Og lifði af. Súðin dýra var hið skáldlega farartæki í innra lífi þjóðarinnar - í draumum hennar um endurteknar langferðir og ný afreksverk: *Þat mælti mín móðir, at mér skyldi kaupa fley ok fagar arar fara á brott með víkingum, standa upp í stafni, stýra dýrum knerri ...*

Og kannski rættist sú hugsýn?

Í nútímanum byggjum við allt á fortíðinni - þegar fast var sóttur sjórinn, ýtt úr vör, undin upp segl og siglt beitivind. Þannig sigldi afi minn, Stefán Aðalsteinsson, og náði landi og háum aldri. Annar, Björn Gíslason, langa-langafi minn og hans menn misstu stjórn á skipi sínu í aftakaveðri svo það brotnaði í spón í klettum Skaga. Þar liggja þeir níu saman í gröf í Ketukirkjugarði. Á páskadagsmorgni sit ég við fartölvuna, landkrabbinn, og reyni að setja mig í þeirra spor. Og raula fyrir munni mér tvær gamlar stökur.

Austan kaldinn á oss blés,  
upp skal faldinn draga,  
veltir aldan vargi hlés,  
við skulum halda' á Siglunes.

Sótt er fast á sílabing,  
síst það lastar formannsping  
við þó blasti brimaþving  
og báran kasti súðbyrðing.

(Höfundar ókunnir)